

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/5

2016/EES/27/23

frá 5. janúar 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar framkvæmd grunnkrafa um umhverfisvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu framleiðsluvörur, hlutar og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í I. og II. bindi 16. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), í útgáfunni frá 17. nóvember 2011, að undanskildum viðbættum við þann viðauka. Þessar kröfur voru innleiddar í lög Sambandsins í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012⁽²⁾.
- 2) Árið 2014 voru gerðar breytingar á I. og II. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn með því að innleiða nýja hljóðstyrksstaðla.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað a-liðar í lið 21.A.18 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 748/2012 komi eftirfarandi:

„a) Mælt er fyrir um viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig, vegna útgáfu tegundarvottorðs fyrir loftfar, í samræmi við ákvæði í 1. kafla II. hluta I. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn og:

1. að því er varðar hljóðseinar þotur í 2., 3., 4. og 14. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á,
2. að því er varðar flugvélar, knúnar skrófuhreyflum, í 3., 4., 5., 6., 10. og 14. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á,
3. að því er varðar þylur í 8. og 11. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi loftþæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

4. að því er varðar hljóðfráar flugvélar í 12. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á, og
5. að því er varðar veltihnitur í 13. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
